# AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981:

| | U. S. cent pr. lb. cif. |
|---|---|
| **Þorskur:** | |
| 4x14 m/r 5—8 oz. | 105.86 |
| 4x14 m/r 8—12 oz | 107,60 |
| 4x14 m/r 12—16 oz. | 109,35 |
| 4x14 m/r 1—3 lbs. | 111,11 |
| 4x14 r/l 5—8 oz. | 118,83 |
| 4x14 r/l 8—12 oz. | 124,67 |
| 4x14 r/l 12—16 oz. | 128,50 |
| 4x14 r/l 1—3 lbs. | 128,50 |
| 10x5 og 3x18 | 144,86 |
| 5x8 og 6x8 | 163,34 |
| 5x10 og 6x10 | 149,48 |
| 4x10 | 149,48 |
| 4x12 og 4x13 | 144,86 |
| 4x15 | 154,10 |
| Blokk reg. | 120,75 |
| Blokk m/þunnildum | 120,75 |
| Blokk O. R. | 108,68 |
| Blokk m/beingarði | 99,75 |
| Þunnildablokk Evrópa | 98,70 |
| Marningsblokk | 70,35 |
| **Ýsa:** | |
| 4x14 m/r 4—8 oz. | 82,88 |
| 4x14 m/r 8—12 oz. | 87,93 |
| 4x14 m/r 12—16 oz. | 94,72 |
| 4x14 m/r 1—3 lbs. | 94,72 |
| 1x35 m/r lausfr. | 167 03 |
| 10x5 | 163,34 |
| 4x12 og 4x13 | 163,34 |
| Blokk reg. | 120,75 |
| Blokk O. R. | 108,68 |
| Blokk m/beinagarði | 115,32 |

| | U.S. cent pr. lb. Cif. |
|---|---|
| Þunnildablokk Evrópa | 57,10 |
| Marningsblokk | 70,35 |
| Marningsblokk (þunnildi) | 29,40 |
| **Steinbítur:** | |
| 8x7 r/l | 83,35 |
| 10x5 | 156,56 |
| Blokk reg. | 120,75 |
| Hökkuð blokk | 42,00 |
| **Karfi:** | |
| 8x7 m/r | 83,35 |
| 10x5 m/r | 80,18 |
| 10x5 r/l | 80,18 |
| 10x5 Sea Star | 77,41 |
| 4x10 m/r Sea Star | 80,18 |
| 4x10 m/r (SIS) | 89,25 |
| 5x8 m/r og b/l 4—8 oz. | 89,42 |
| 5x8 m/r og b/l 8 oz. og yfir | 89,42 |
| 1x35 m/r að 150 gr. | 100,80 |
| 1x35 r/l | 120,75 |
| 4x6 kg r/l lagp. | 96,01 |
| 12x1 m/r | 91,43 |
| 12x1 r/l | 89,42 |
| Blokk 4x16,5 m/b | 75,77 |
| Blokk reg. | 78,75 |
| Marningsblokk | 42,00 |
| **Ufsi:** | |
| 8x7 r/l | 67,63 |
| 10x5 | 81,98 |
| 4x12 og 4x13 | 88,52 |
| 2x15 kg | 84,27 |
| 4x14 m/r | 78,40 |
| 4x14 r/l | 75,10 |
| Blokk reg. | 84,00 |
| Blokk m/beingarði | 73,50 |
| Marningsblokk | 42,00 |
| **Langa:** | |
| 8x7 r/l | 83,35 |
| 10x5 | 105,74 |
| Blokk reg. | 78,75 |
| Marningsblokk | 42,00 |
| **Keila:** | |
| 8x7 r/l | 83,35 |
| Blokk reg. | 68,25 |
| **Lýsa:** | |
| Blokk reg. | 94,50 |

**Grálúða:**

| | U.S. cent pr. lb. Cif. |
|---|---|
| Heilfr. hausuð yfir 3 kg | 67,25 |
| Heilfgr. hausuð yfir 2 kg | 64,38 |
| Heilfr. hausuð 1—2 kg | 46,67 |
| Heilfr. m/h U. S. S. R. | 36,19 |
| 4x12 lagp. | 101,12 |
| 4x10 og 6x10 | 94,50 |
| Blokk U. S. S. R. | 83,35 |
| Blokk U. S. A. | 68,25 |
| Heilfrystur fiskur 3x9 | 36,19 |

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nemi 75% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1981.*

F. h. r.
**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

27. febrúar 1981. Nr. 143.

# SAMÞYKKT

## um sveitarstjóra í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans það sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin á ráðningarsamningi þeim sem um getur í 6. gr. og greiðast úr sveitarsjóði.